



**UMHVERFIS  
STOFNUN**  
ENVIRONMENT  
AGENCY

SKÝRSLA  
SJÁLFBODALIÐASTARFS  
UMHVERFISSTOFNUNAR  
2020




Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu á 30 náttúruverndarsvæðum á Íslandi, innan marka Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls (Lóndrangar og Djúpalónssandur), við Mývatn, á friðlandi Hornstranda, Vatnsfjarðar, Þjórsárdals, Fjallabaki, Kerlingarfjöllum, Gullfossi, Hólmanesi, Svarfaðardals, Ingólfshöfða, Varmárósa, Húsafelli, við náttúruvættin Dimmuborgir, Hverfjall, Grábrók, Hraunfossa, Eldborg í Hnappadal, Geysir, Dynjanda, Skógafoss, Háafoss, Eldborg í Bláfjöllum, Eldborgir undir Geitahlið, Borgir, á Reykjanesfólkvang og á mjög eftirsóttum svæðum á Náttúruminjaskrá á borð við Látrabjarg, Stampa og Keili.

### Verkefni sjálfbóðaliðanna í náttúruvernd og vistheimt eru mörg, má þar nefna:

- Afmörkun, viðhald og lagning náttúrulegra gönguleiða í óbyggðum (stikun, tröppur og ræsi gerð með grjóti).
- Endurheimt landslags og víðerna (loka villustígum, raka yfir hjólför vegna aksturs utan vega).
- Landmótun (laga göngustíga svo þeir falli betur inn í landslagið), mosaflutningur.
- Líffræðileg fjölbreytni: uppræting ágengra plöntutegunda.
- Endurreisn gamalla varða (með umsjón sérfræðings frá Minjastofnun).
- Hreinsun náttúrulegra og ósnortinna svæða (Hornstrandir, Rauðasandur, Reykjanes).
- Aðstoða við starfsemi í Þjóðgöörðum (sem fæst lærdómur af) t.a.m. úttekt á ástandi náttúrulegra gönguleiða. Vöktun gesta á náttúruverndarsvæðum. Vöktun lífríkis – aðstoða landverði.
- Ýmis konar fræðslu og náttúrutúlkun um náttúruna og umhverfi.
- Kynning og þjálfun (sjálfbóðaliðar með mikla reynslu fræða nýja sjálfbóðaliða og koma þekkingunni þannig áfram, t.d. hvað varðar liðstjórn).

Þessi skýrsla inniheldur yfirlit fyrir sumarið 2020, sem lýsir hvað þeir voru að gera, Ástand/vandamál, Verkefni og ljósmyndir.


Verkefni sjálfbóðaliðanna í náttúruvernd sumarið 2020





Framkvæmdir og aðgerðir gerðar með sjálfbóðaliðavinnu 2020		
SVÆÐI	v.v	v.d.
Undirbúning/Stjórnun	1,8	9
Þjálfun liðsstjóra	5	25
<b>SNÆFELSJÖKULL ÞJÓÐG.</b>	<b>14</b>	<b>70</b>
ELDBORG Í BIÁFJÖLLUM	1	5
ELDBORG UNDIR GEITAHLIÐ	4,4	22
ELDBORG Í HNAPP.	8	40
MÝVATN	15,2	76
SVARFAÐARDALUR	8	40
VATNSFJÖRÐUR	4,4	22
LÁTRABJARG	5,4	27
HORNSTRANDIR	8,4	42
HRAUNFOSSAR	2,8	14
GRÁBROK	0,8	4
HÚSAFELL	0,8	4
ÞJÓRSÁDALUR	10,2	51
KERLINGARFJÖLL	5,4	27
GULLFOSS	4,4	22
GEYSIR	5,4	27
FJALLABAK	11,2	56
SKÓGAFOSS	9,8	49
HÓLMANES	4,4	22
INGÓLFSHÖFÐI	4,8	24
ÁSTJÖRN	3	15
STAMPAR	1	5
KEILIR	0,4	2
BORGIR	0,1	0,5
LAUGARÁS	0,8	4
VARMARÓSAR	0,2	1
<b>Vinnud./Mannvikur</b>	<b>141,1</b>	<b>705,5</b>
<b>SVÆÐI Í UMSJÓN UST</b>	<b>131,8</b>	<b>659</b>
ÖNNUR SVÆÐI	2,5	12,5
Undirbúningur/Þjálfun	6,8	34

## FRAMKVÆMDIR OG AÐGERÐIR GERÐAR MEÐ SJÁLFBÓÐALIÐAVINNUNNI 2020





## Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Sjálfbóðaliða hópar: 2

Vinnudagar: 70

**Liðsstjóri(ar):** Kerry Ireland, Christopher Long, Robert Price, Lucía Escribano Morales & Irene Lopes Cordeiro de Noronha Correia  
**Sérfræðingur (þjóðgarðsvörður eða Landvörður):** Jón Björnsson / Linda Björk Hallgrímsdóttir

28.06 – 04.07



### Ástand/vandamál

**Djúpalónssandur:** Unnið var í göngustíg, Draugakleif, sem er austan við Nautastíg, sem liggur niður á Djúpalónssand. Lokað var fyrir villustíg ásamt því að nokkur þrep voru lagfærð.

**Lóndrangar:** Á Lóndröngum, er göngustígurinn með þrepum úr timbri sem þurfa að vera tengd til að auka á öryggi gesta.

### Verkefni

- Þrep voru lagfærð á göngustíg niður á Djúpalónssand. Villustíg var lokaður.
- Gerðar voru timburtröppur við Lóndranga (þrep tengja núna þau sem voru byggð í 2018).





	<h2 style="text-align: center;">Eldborg í Hnappadal, náttúruvætti</h2> <p style="text-align: center;"> <b>Sjálfbóðaliða hópar:</b> 2 (2 fjögurra manna hópar)  <b>Vinnudagar:</b> 40  <b>Liðsstjóri(ar):</b> Irene Lopes Cordeiro de Noronha Correia &amp; Lars Scharfe  <b>Sérfræðingur (eða Landvörður):</b> Þórhildur María Kristinsdóttir         </p> <p style="text-align: center;"> <b>21.06 – 27.06</b>  <b>02.08 – 08.08</b> </p>
---	--

<p><b>Ástand/vandamál</b></p>	<p>Árið 2018 hófst vinna við endurgerð á þrepum upp á gíginn sjálfan. Nauðsynlegt er að halda áfram þessari vinnu til að auka á öryggi gesta. Þrepin upp á topp gígsins eru illa farinn og erfið.</p>
-------------------------------	---

<p><b>Verkefni</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áframhaldandi endurnýjun á þrepum upp að gígnum. Gönguleið uppá topp gígsins var endurgerð og öryggi bætt.</li> </ul>
------------------------	--







## Hraunfossar, náttúruvætti / Húsafellsskógur, friðland / Grábrók, náttúruvætti

Sjálfbóðaliða hópar: 1 (1 fjögurra manns hópur)

Vinnudagar: 22

Liðsstjóri(ar): Joanne Evans

Sérfræðingur (eða Landvörður): Þórhildur María Kristinsdóttir

16.08 – 22.08

### Ástand/vandamál


**Hraunfossar/Barnafoss:** endurnýjun á ræsum undir göngustíg til að reyna að sporna við hálfu myndun.

**Grábrók:** loka sárum meðfram stíg og á villustígum með mosaflutning.

**Húsafellsskógur:** birki hefur víða vaxið yfirstíg og gömul tré fallið yfir stíg sem liggur í gegnum friðlandið.

### Verkefni

- Gert var ræsi í stíg við Hraunfossa
- Mosaflutningur við stíg í Grábrók
- Klippt voru tré við göngustíginn í Húsafelli





## Vatnsfjörður, friðland / Dynjandi, náttúruvætti

Sjálfbóðaliðahópar: 1 (1 fjögurra manna hópur)  
Vinnudagar: 22  
Liðsstjóri(ar): Lucía Escribano Morales  
Sérfræðingur (eða Landvörður): Edda Kristín Eiríksdóttir

05.07 – 11.07




### Ástand/vandamál

**Dynjandi:** Ræsi sem þarfnast viðhalds og lagfæringa og steintröppur þar sem grjót er farið að ganga fram vegna vatnsrásar. Lagfæra þarf grjót í gömlu ræsi svo það virki sem skyldi. Ofan þess eru steintröppur þar sem vatn rennur í gegn. Gott væri að breikka stíginn eilífið ef hægt er og koma grjóti fyrir á réttum stað. Einnig má bæta mól í tréþrep.



**Hörgsnes:** "Rennibraut" niður brattan graskamb á göngustíg. Á leiðinni frá klettinum Hörg að Gíslahelli þarf að víkka stíg á einum stað og setja 7-8 viðarþrep úr náttúrulegum efnivið sem finna má í grenndinni. M.a. þarf að skera úr lyngi. Neðan Gíslahellis þarf líka að lagfæra eldri tréþrep sem eru orðin léleg.

### Verkefni

- Gerðar voru timburtröppur á stíg á Hörgsnesi og var efnið í þær fengið úr grenilundi við Þingmannaheiði
- Gert var ræsi í náttúrustígnum að Dynjandafossi
- Sjálfbóðaliðar aðstoðuðu landverði við þökulagningu og frágang í kringum stíga og bílastæði við Dynjanda





<h2>Látrabjarg, önnur svæði</h2> <p><b>Sjálfbóðaliða hópar:</b> 1 (sjálfbóðaliðarnir unnu bara 4 daga vegna veðurs / roks)  <b>Vinnudagar:</b> 27  <b>Liðsstjóri(ar):</b> Lindsay Selmes  <b>Sérfræðingur (eða Landvörður):</b> Edda Kristín Eiríksdóttir</p> <p><b>12.07 – 18.07</b></p>	
	
<b>Ástand/vandamál</b>	<p><b>Keflavík:</b> Hreinsa þarf fjöru í Keflavík af rekarusli.</p> <p><b>Rauðasandur:</b> Lúpína sem áður var haldið í skefjum af sauðfé er farin að dreifa sér hættulega út frá af girtri frístundalóð. Slá lúpínu og reita yst í flákum</p>
<b>Verkefni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjara í Keflavík var hreinsuð</li> <li>• Lúpína var slegin og reitt á Rauðasandi og plast utan af gömlum rúllum var fjarlæggt en rúllurnar voru talsvert lýti á umhverfinu</li> </ul> <p>Föstudagsmorgun gátu sjálfbóðaliðarnir ekki unnið vegna veðurs.</p>
	



## Hornstrandir, friðland

**Sjálfbóðaliða hópar:** 1(1 fimm manna hópur í 10 daga )  
**Vinnudagar:** 42  
**Liðsstjóri(ar):** Irene Lopes Cordeiro de Noronha Correia  
**Sérfræðingur (eða Landvörður):** Kristín Ósk Jónasdóttir

**05.07 – 14.07**



### Ástand/vandamál

**Hesteyri:** Breikka átti göngustíga á Hesteyri. Drena göngustíga utan við þorpið og smíða litla göngubrú innan til við þorpið. .

### Verkefni

- Lagfæringar voru gerðar á göngustíg (steinatröppur og ræsi) utar í Hesteyrarfirðinum.
- Brú var byggð innan til við þorpið
- Breikkaðir voru nokkrir stígar á Hesteyri





## Svarfaðardalur, friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 1 + 2 sjálfbóðaliðar í 2 daga og 3 sjálfbóðaliðar í 3 daga

Vinnudagar: 40

Liðsstjóri(ar): Danny Lake

Sérfræðingur (eða Landvörður): Davíð Ö. Hansson / Arna Hjörleifsdóttir

16.08 – 22.08


23.08 – 29.08

### Ástand/vandamál

Gönguleið milli Hánefsstaða og Húsabakka. Lagning stígs í gegnum skóglendi, grisja tré og leggja kurl í gönguleið. Um er að ræða nýjan stíg að göngubrú.

### Verkefni

- Byggð var brú úr timbri
- Viðhald- og viðarkurl sett í göngustíg
- Gerð voru timburþrep
- Unnið að landmótun og lokun villustíga
- Grisjun skóglendis





## Mývatn, náttúruvætti

Sjálfbóðaliða hópar: 3 (1 fjögurra manna hópur)

Vinnudagar: 76

Liðsstjóri(ar): Lucía, Christopher Long & Danny Lake

Sérfræðingur (eða Landvörður): Davíð Ö. Hansson / Arna Hjörleifsdóttir

12.07 – 18.07

19.07 – 25.07

09.08 – 15.08



### Ástand/vandamál

**Göngustígar á Vindbelgjarfjalli:** Lagfæringar í brattlendi og endurbætur á trétröppum við rætur fjallsins. Trétröppur með jarðvegsþrepum farin að láta á sjá þarfnast endurbóta og afmörkunar. Bera kurl í sem ofaníburð. Í fjallinu þarf að hreinsa og laga vatnsrásir og afmarka stíg á toppi.

**Skútustaðagígar:** lagfæra/endurhanna stíg í votlendi. Stígur var færður fyrir ári en þörf er á að skoða 10 metra kafla sem virðist vera mjög blautur - hönnun liggur ekki fyrir

**Lúpína og Skógarkerfill** á verndarsvæði Mývatns og Laxár.

### Verkefni

- Lúpínusláttur var við Sandvatn
- Göngustígar og ræsi voru löguð á Vindbelgjarfjalli
- Steinþrep voru breikkuð og betrubætt við Gatklett í Dimmuborgum
- Útsýnisstaður afmarkaður og hlaðinn við Kirkjuna í Dimmuborgum
- Göngustígur við Hverfjall var lagaður og afmarkaður betur til að bæta öryggi





## Hólmanes, friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 1 fjögurra manna hópur  
Vinnudagar: 22  
Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland  
Sérfræðingur (eða Landvörður): Lára Björnsdóttir

19.07 – 25.07



### Ástand/vandamál

Svæðið í Hólmanesi þarfnast betri merkinga Viðhald á göngustígum. Sjálfbóðaliðar aðstoðuðu við að setja niður teljara í upphafi gönguleiðar við bílaplan.


### Verkefni

- Göngustígur var lagfærður (steinþrep og mól bætt í stíginn út á Innri Hólmanborgina): þrepin voru of há.
- Ræsi í stígnum niður í Hólmanesið voru löguð
- Villustígum var lokað og landmótum gerð á svæðinu, slóð um Urðarhvammi að Leiðarhöfða var lokað þar til betri gönguleið finnst um það svæði vegna bleytu.
- Gönguleið stikuð frá Ytri Hólmanborginni um Bása, leið 4 að 3 á korti.





# Hólmanesfólkvangur og friðland - Gönguleiðir





## Ingólfshöfði, friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 1 (sjálfbóðaliðarnir unnu bara 4 daga vegna veðurs / roks)

Vinnudagar: 24

Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland

Sérfræðingur (eða Landvörður): Magnús Freyr Sigurkarlsson

26.07 – 01.08



### Ástand/vandamál

Gönguleið um Ingólfshöfða þurfti að skilgreina betur svo varpsvæði skúms og lunda yrði ekki fyrir truflun vegna slóða og villustíga sem haf myndast á svæðinu. Nauðsynlegt er að færa leiðina og stika upp á nýtt þar sem hún var komin hættulega nálægt klettabrún. Yfir urðar og mela svæði þurfti að færa til grjót svo að gönguleiðin væri auðfundnari og öruggari yfirferðar fyrir gesti svæðisins.

### Verkefni

- Grjót var hreinsað og notað til að afmarka að einhverju leyti gönguslóðann sem liggur um höfðanna, aðallega við upphaf hans, til að bæta öryggi á leiðinni.
- Stikaður var göngustígur í hring um eyjuna.

Á föstudagsmorgun gátu sjálfbóðaliðarnir ekki unnið vegna óveðurs á svæðinu.





## Skógafoss, náttúruvætti

Sjálfbóðaliða hópar: 2 (1 fjögurra manna hópur)

Vinnudagar: 49

Liðsstjóri(ar): Jacob Williams & Danny Lake

Sérfræðingur (eða Landvörður): Magnús Freyr Sigurkarlsson

19.07 – 25.07

26.07 – 01.08



### Ástand/vandamál

**Skógaheiði:** Ástandið á Skógaheiði hefur batnað talsvert vegna fyrri vinnu sjálfbóðaliða og gerð nýs göngustígs meðfram Skógargilinu. Þörf er að halda áfram vinnu við stíginn meðfram gilinu með gerð dreana, lokun villistíga og lagfæringu á stígnum sjálfum.

**Kvernufoos:** Við Kvernufoos og Kvernugljúfur hefur umferð aukist töluvert síðustu ár, lítil stýring hefur verið á svæðinu og er vöntun á að skilgreina og afmarka ákveðna leið um svæðið.

### Verkefni

- Villustígum var lokað og gerð var landmótun á svæðinu
- Á Skógaheiði voru gerð mörg dren ýmist steinlagðar rennur eða jarðvegi skipt út fyrir grjót og mól sem greiðir leið fyrir vatn. Á nokkrum stöðum var stígur lagfærður til að falla betur inn í landslagið og lokað fyrir slóða og aðra villustíga meðfram leiðinni. Gerð voru steinþrep við hringleið hjá Kvernufoos og lokað fyrir villustíga.







## Geysir, náttúruvætti

Sjálfbóðaliða hópar: 1  
Vinnudagar: 27  
Liðsstjóri(ar): Lindsay Selmes  
Sérfræðingur (eða Landvörður): Valdimar Kristjánsson

09.06 – 16.06

### Ástand/vandamál

Lagfæring á stígum á Laugarfelli. Hlaða kanta meðfram stíg. Útbúa ræsi á göngustíg. Varna því að mól skríði niður.

### Verkefni

- Löguð voru steinprepi við upphaf gönguleiðar upp Laugarfell frá Konungshver sem voru gerð í 2019 og voru illa farin.
- Hlaðnir voru kantar meðfram stíg upp að nýja stígnum að útsýnisstað
- Ræsi voru gerð á göngustíg á nokkrum stöðum







## Gullfoss, friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 1 (1 fjögurra manna hópur)  
Vinnudagar: 22  
Liðsstjóri(ar): Lars Scharfe  
Sérfræðingur (eða Landvörður): Valdimar Kristjánsson

19.07 – 25.07

### Ástand/vandamál

Mikil vatnssöfnun verður á göngustíg niður að Gullfossi og pollar myndast. Engin ræsi voru á stígnum. Mól úr stíg niður að fossi hafði skriðið fram.

### Verkefni

- Lagfæring voru gerðar á neðri göngustígnum að Gullfossi og 4 almennileg ræsi gerð á gönguleið niður að fossinum. Kantur hlaðinn til þess að varna því að efni úr stíg skriði úr honum við upphaf stígs.





## Þjórsárdalur, landslagsverndarsvæði

**Sjálfbóðaliða hópar:** 1 fjögurra manna hópur + 2 hópar í 2 daga  
**Vinnudagar:** 51 (27 + 24)  
**Liðsstjóri(ar):** Richard Connell, Kerry Ireland & Christopher Long  
**Sérfræðingur (eða Landvörður):** Hákon Ásgeirsson

26.07 – 01.08  
07.08 – 08.08

### Ástand/vandamál

Viðhald á göngustígum og stikun gönguleiða. Við Háafoss var stígurinn út að bjargbrún ógreinilegur og á köflu talsvert vatnsrof. Þá voru villustígar sem þurfti að loka. Einnig voru útsýnisstaðir sem höfðu verið hlaðnir með steinhellum illa farnir og var komin tími á viðhald. Í Gjánni var göngustígur illa farinn við einn lækinn og talsverðar gróðurskemmdir í kring. Á gönguleiðinni milli Háafoss og Stangar þurfti að skipta út stikum og var það stærsta verkefnið.

### Verkefni

- Við Háafoss voru gerð steinpreps grjótræsi og útsýnisstaðir endurhlaðnir.
- Í Gjánni var göngustígur lagfærður við eina brúnna.
- Gönguleiðin milli Háafoss og Stangar var endur stikuð og fór mestur tími í það stóra verkefni





## Fjallabak, Friðland

Sjálfboðaliða hópar: 3 (2 hópar unnu bara 2 daga vegna veðurs / roks)

Vinnudagar: 56

Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland, Christopher Long & Joanne Evans

Sérfræðingur (eða Landvörður): Hákon Ásgeirsson

02.08 – 08.08

09.08 – 15.08



### Ástand/vandamál

Í Landmannalaugum var göngustígur frá bílastæði illa farinn og villustígar hafa myndast út frá honum. Girðingar meðfram tjaldsvæði í Landmannalaugum og í Landmannahelli voru ónýtar og þurfti að skipta út. Einnig voru villustígar frá tjaldsvæði í Landmannahelli sem þurfti að loka

### Verkefni

- Viðhald á göngustíg og uppgræðsla á villustígum í Landmannalaugum.
- Endurnýjun girðingar meðfram tjaldsvæði í Landmannalaugum og Landmannahelli
- Uppgræðsla villustíga í Landmannahelli.





## Kerlingarfjöll, landslagsverndarsvæði / Hveravellir, náttúruvætti



Sjálfboðaliða hópar: 1 (sjálfboðaliðarnir unnu ekki á föstudagsmorgun vegna veðurs / roks)

Vinnudagar: 27

Liðsstjóri(ar): Christopher Long

Sérfræðingur (eða Landvörður): Daníel Freyr Jónsson

26.07 – 01.08

### Ástand/vandamál

Lagfæra þarf efni sem hefur færst til á gönguleið á Hveravöllum. Færa efni inn á stíg sem hefur færst út fyrir og byggja stíg upp köflum. Lagfæringar á gönguleið í Hveradölum við Kerlingarfjöll og viðhald á timburþrepum.

### Verkefni

- Rakað var yfir utanvegaakstursför meðfram Kjalvegi.
- Lagfærðar voru timburtröppur í Kerlingarfjöllum sem þörfuðust viðhalds

Sjálfboðaliðarnir misstu einn dag út vegna óveðurs á svæðinu.





## Laugarás, náttúruvætti

Hópur: 4 sjálfbóðaliðar

Vinnudagar: 4

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Julie Kermarec, Ásta Davíðsdóttir

16.06



Ástand/vandamál

Mikið er af lúpínu á svæðinu og er stefnt að því að uppræta hana skv. verndar- og stjórnunaráætlun svæðisins.

Verkefni

- Lúpínu var tekin með rótum á toppi hæðarinnar og meðfram stíg á svæðinu





## Eldborg í Bláfjöllum, náttúruvætti

Hópur: 1 (4 sumarstarfsmenn + 1 liðsstjóri)

Vinnudagar: 5

Liðsstjóri: Lars Scharfe

Sumarstarfsmenn: Júlíus Flosason, Dagur Júlíusson, Karen Egilsdóttir & Tye Brooks

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Julie Kermarec, Ásta Davíðsdóttir

05.07 – 11.07



### Ástand/vandamál

Mjög brattur og lélegur stígur. Járnröppur í stígunum illa farnar og ónothæfar. Stikur ekki nógu margar og illa farnar. Skilti við bílastæði orðið skakt vegna roks. Og villustígur sem þarf að loka.

### Verkefni

- Sett var upp handrið við brattann stíg sem fólk getur stutt sig við
- Lagfærðar voru og bætt við stikum í kringum fjallið Drottningu
- Skiltastoðir voru réttar af
- Villustígum var lokað með grjóti og mosa
- Keðjumottur voru fjarlægðar að hluta af svæðinu





## Stóra Eldborg undir Geitahlíð, náttúruvætti

**Hópur:** 1 fimm manna sjálfboðaliðarins hópur + 1 fjögurra manna hópur (sumarstarfsmenn)

**Vinnudagar:** 22

**Liðsstjóri:** Lea Matscheroth

**Sumarstarfsmenn:** Júlíus Flosason, Dagur Júlíusson, Karen Egilsdóttir & Tye Brooks

**Sérfræðingur (eða Landvörður):** René Biasone, Julie Kermarec, Ásta Davíðsdóttir

**12.07 – 16.07**



### Ástand/vandamál


Keyrt hafði verið frá bílastæði upp að stóru Eldborg, mikill utan vega akstur er á svæðinu sem olli miklu raski. Bílastæði illa farið. Loka þurfti á umferð frá bílastæði að Eldborginni bæði til þess að vernda svæðið og bæta upplifun fólks á svæðinu. Villustígar á við og dreif um svæði.

### Verkefni

- Slóðanum sem keyrt hafði verið eftir var breytt í fallegan göngustíg, mól sett í blautustu kaflanna
- Villustígum var lokað
- Staurar með kaðli voru sett á brattasta kafla Eldborgarinnar til stuðning fyrir göngufólk
- Settar voru stikur og skilti
- Bílastæðivar afmarkað og malarborið





	<h2 style="text-align: center;">Stampar, önnur svæði</h2> <p style="text-align: center;"><b>Hópur:</b> 1 fimm manna sjálfbóðaliðarins hópur + 1 fjögurra manna hópur (sumarstarfsmenn)  <b>Vinnudagar:</b> 5  <b>Liðsstjóri:</b> Lea Matscheroth  <b>Sumarstarfsmenn:</b> Júlíus Flosason, Dagur Júlíusson, Karen Egilsdóttir &amp; Tye Brooks  <b>Sérfræðingur (eða Landvörður):</b> René Biasone, Julie Kermarec, Ásta Davíðsdóttir</p> <p style="text-align: center;"><b>17.07</b></p>
---	---

<p><b>Ástand/vandamál</b></p>	<p>Stígurinn frá bílastæði illa afmarkaður svo hann varla sást. Villustígar bæði á leið frá bílastæði að gígnum og uppi á gígnum sjálfum.</p>
-------------------------------	---

- |                        |  |
|------------------------|--|
| <p><b>Verkefni</b></p> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stígur frá bílastæði afmarkaður með grjót og laust grjót hreinsað úr stígnum.</li> <li>• Villustígar afmáðir með rakstri og grjóti upp á gígnum.</li> </ul> |
|------------------------|--|





## Varmárósar, friðland

**Hópur:** 1 sjálfbóðaliði + 1 fjögurra manna hópur (sumarstarfsmenn)

**Vinnudagar:** 1

**Sumarstarfsmenn:** Júlíus Flosason, Dagur Júlíusson, Karen Egilsdóttir & Tye Brooks

**Sérfræðingur (eða Landvörður):** René Biasone, Julie Kermarec, Ásta Davíðsdóttir

06.08



**Ástand/vandamál**

Útbreiðsla ágengra gróður tegunda.

**Verkefni**

- Hindra útbreiðslu ágengra gróður tegunda með því að fjarlægja þær með rótum eins og hægt var..





## Borgir, náttúruvætti

**Hópur:** 1 sjálfboðaliði + 1 fjögurra manna hópur (sumarstarfsmenn)

**Vinnudagar:** 1

**Sumarstarfsmenn:** Júlíus Flosason, Dagur Júlíusson, Karen Egilsdóttir & Tye Brooks

**Sérfræðingur (eða Landvörður):** René Biasone, Julie Kermarec, Ásta Davíðsdóttir

07.08



**Ástand/vandamál**

Mjög mikið af Garðamaríustakk sem að er vaxa yfir móagróður svæðisins.

**Verkefni**

- Garðamaríustakkur var tekin með rötum eins og hægt var.





## Keilir, önnur svæði

**Hópur:** 1 sjálfboðaliði + 1 fjögurra manna hópur (sumarstarfsmenn)

**Vinnudagar:** 2

**Sumarstarfsmenn:** Júlíus Flosason, Dagur Júlíusson, Karen Egilsdóttir & Tye Brooks

**Sérfræðingur (eða Landvörður):** René Biasone, Julie Kermarec, Ásta Davíðsdóttir

**13.08 – 14.08**



### Ástand/vandamál

Stígurinn mjög illa farinn. Orðinn mjög breiður í gegn um hraunið. Mikil mosa eyðing vegna þessa og ásýnd svæðisins ekki góð. Engar stikur á svæðinu. Margir villustígar og miklar mosaskemmdir sökum þess.

### Verkefni

- Stígurinn afmarkaður í gegnum fyrstu hraunbreiðuna með stikum og grjóti.
- Villustígum lokað með grjót og skilti

